

## Lög

um

atvinnu við siglinar.

Nr. 42.

3. nóv.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

## I. kafli.

Um rjett til formensku á skipum 6 — 12 lestir (tonn).

## 2. gr.

Rjett til að vera formaður á íslenskum vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 lesta að stærð, hefir sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi um það:

- a. að hann þekki á áttavita;
- b. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu.

Svo skal hann og sanna með vottorði læknis, að sjón hans sje ekki sjerstaklega áfátt, samkvæmt reglum, er Stjórnarráðið setur.

Gegn þessum vottorðum fær hann skírteini frá yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 lestir að stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er rennur í landssjóð.

## II. kafli.

Um rjett til skipstjórnar á skipum alt að 30 lesta.

## 3. gr.

Rjett til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, ef að skipið er yfir 12 lestir, en ekki yfir 30 lestir, að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóra-skírteini á smáskipum.

## 4. gr.

Sá einn getur staðist skipstjóraþróf fyrir smáskipi, er:

- a. kann að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
- b. kann að nota áttavita og ber skyn á afhvarf (deviation) og misvísun;
- c. kann að nota skipshraðamæli;
- d. þekkir þjörgunartækin og alþjóðlegar reglur til að forðast ásigling;
- e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
- f. hefir stundað siglingaatvinnu minst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 lesta að stærð, eða verið formaður á vjelbát í 24 mánuði, ekki minni en 6 lesta.

Nr. 42. Próf þetta fer að eins fram í kaupstöðum og þeim kaupsþúnum, sem lögreglu-  
3. nóv. stjóri býr í, og skipar hann í prófnefnd 3 valinkunna skipstjóra. Stjórnarráð Íslands  
semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Sá er staðist hefir prófið,  
getur fengið skipstjóraskírteini á smáskipum hjá yfirvaldi, og skal hann greiða fyrir  
það 2 krónur, er renna í landssjóð.

### III. kafli.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á skipum alt að 300  
lesta, í innanlands og utanlandssiglingum.

#### 5. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi  
og í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 lesta að stærð, hefir sá  
einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

#### 6. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimanna-  
skólann í Reykjavík;
- b. hefir verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 lesta;
- c. er fullveðja;
- d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
- e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

#### 7. gr.

Rjett til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum  
og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 lesta að stærð,  
hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

#### 8. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi, er:

- a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf, eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimanna-  
skólann í Reykjavík;
- b. hefir verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 lesta, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
- c. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- d. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

### IV. kafli.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á verslunarskipum  
yfir 300 lesta, í utanlandssiglingum.

#### 9. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og  
skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lesta,  
hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufu-  
skip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur  
í 11. grein.

#### 10. gr.

Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er:

- a. er fullveðja;

- b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti; Nr. 42.  
 c. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn; 3. nóv.  
 d. hefir staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;  
 e. hefir verið stýrimaður eigi skemur en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi skemur en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

## 11. gr.

Sá, er öðlast hefir skipstjóra eða- stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, og auk þess sannar með vottorði, að hann hafi staðist próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá Stjórnarráði Íslands.

## 12. gr.

Rjett til að vera stýrimaður í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eða í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lesta, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 11. grein.

## 13. gr.

- Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á verslunarskipi í utanlandssiglingum er:
- hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
  - sannar, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
  - staðist hefir hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
  - hefir verið fullgildur háseti á verslunarskipi, minst 18 mánuði, og af þeim tíma minst 12 mánuði í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði fullgildur háseti á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi.

## V. kafli.

## Ákvæði ymislegrs eðlis.

## 14. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 30 lesta, má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi, til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa, að minsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um verslunargufuskip að ræða, sem er meira en 300 lesta, skulu stýrimenn vera minst tveir.

## 15. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru hjer að framan, í 6., 8., 10 og 13. gr., eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem þar eru talin.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur semja, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra.

Fyrir skipstjóraskírteini skal greiða 10 krónur, en stýrimannsskírteini 2 kr. og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, um útgáfu skírteinis, og getur hann þá sent Stjórnarráði Íslands kæru sína, sem gerir út um málið, en þó hefir kærandi óskertan rjett til að leita dómsúrskurðar.

Nr. 42.

3. nív.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur Stjórnarráð Íslands veitt undanþágu, en þó að eins frá liðunum b og c í 6. gr. og b í 8., e. í 10. og d. í 13. gr. Þó má siglingatíminn aldrei vera minni en helmingur hins áskilda tíma.

17. gr.

Frá þeim tíma að lög þessi hafa öðlast gildi, skulu skipverjar sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem Stjórnarráðið lætur semja og hverjum skipverja er skylt að fá hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eftir greindan tíma. Skal sjóferðabókin jafnan lögð fram, þegar sanna á siglingatíma þann, er um ræðir í 6., 8., 10. og 13. grein.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári; svo skal þar og vera stutt lýsing á útliti hans og vexti og sjerkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, hve nær hann er skráður á skip og af því og af hvaða ástæðu hann fór af skipinu; svo skal þar og skýrt frá hegðun hans og framferði á því.

Skipstjóra ber að geyma sjóferðabækur skipverja, útfylla þær og undirskrifa. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli skrásetningarstjóra, í hvert skifti sem skipverji er skráður af skipi, og skal hún þá afhent skipverjanum.

18. gr.

Nú er maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, dæmdur fyrir eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

19. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi í innanlandssiglingum, eða formaður á vjelabát, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýrimannsprófs, að því er skipstjóra og stýrimenn snertir eða vottorðs, að því er snertir vjelabátaformenn, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu skipstjórar og stýrimenn sanna, að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Þessu skilyrði eru og rjettindi þeirra bundin, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr. laga nr. 50, 10. nív. 1905.

Þeir, sem fyrir þann tíma hafa tekið hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eiga kost á, að fá skipstjóra eða- stýrimannsskírteini á fiskiskipi, ef þeir að öðru leyti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Enn fremur skal hið meira stýrimannspróf í lögum nr. 50, 10. nív. 1905, veita sömu rjettindi og hið almenna stýrimannspróf í lögum þessum.

Lög þessi ná eigi til þeirra, sem fengið hafa skipstjóra eða- stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, áður en lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Hvarvetna í lögum þessum, þar sem talað er um stærð skipa, er átt við brúttó- stærð. Orðið skip á jafnt við gufuskip og seglskip, nema annað sje tekið fram.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; sje brotið ítrekað, geta sektirnar hækkað alt að 400 kr.

Sektirnar renna í landssjóð.

Nr. 42.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lög- 3. nóv.  
reglumál.

22. gr.

Lög nr. 50, 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar, eru úr gildi numin, að því undanskildu, að staflíður a í 9. gr., gengur eigi úr gildi fyr en 1. jan. 1918, að því er við kemur utanlandssiglingum á verslunarskipum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

Einar Arnórsson.

## Lög

um

atvinnu við vjalgæslu á gufuskipum.

Nr. 43.

3. nóv.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

\* *Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öllum er heimilt að leita sjer atvinnu við vjalgæslu á íslenskum gufuskipum með takmörkum þeim, er sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá einn, er öðlast hefir vjalgæsluskírteini, á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel (indiceret).

Skírteinið öðlast sá einn, er:

- hefir staðist vjalgæslupróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
- hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eða verið kyndari eða aðstoðarmaður við gæslu gufuvjelar í 3 ár, og hefir meðmæli smiða þeirra eða vjelstjóra, er hann hefir unnið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;